



Þjónustuteymi / Lausnar-teymi

Þjónustuteymi/lausnar-teymi er úrræði til að halda utan um skólagöngu nemenda með sértæka námsörðugleika, frávik í vitsmunabroska, tilfinningabroska, félagsþroska, og /eða líkamlegrar fötlunar.

Hlutverk:

Teymið hefur það hlutverk að leita leiða til að móta og samhæfa markvissa vinnu til að auðvelda skólagöngu viðkomandi barns og gera hana eins árangursríka og kostur er. Meðlimir teymisins hittast reglulega á fundum og meta stöðuna og leggja á ráðin.

Í teyminu eru auk foreldra/forráðamanna, umsjónarkennari og aðrir sem skólinn tilnefnir eftir aðstæðum (sérkennari/stjórnandi/stuðningsfulltrúi), auk fulltrúa þjónustumiðstöðvar og annarra aðila sem mikilvægt er að komi að skólagöngu viðkomandi nemanda (Skólasel, BUGL, GRR). Teymisstjóri (sérkennari eða stjórnandi) boðar til funda og ákveður tíðni þeirra.

Tíðni funda

Fundir á 6 vikna fresti:

1. Nemandi nýr í skóla með alvarleg frávik.
2. Nemendur með skilgreind frávik, greiningar liggja fyrir, teymið hefur verið starfandi í nokkurn tíma og framvinda skólagöngu ekki skv. væntingum.

Fundir á 12 vikna fresti:

1. Nemendur með skilgreind frávik, greiningar liggja fyrir, teymið hefur verið starfandi í nokkurn tíma og framvinda skólagöngu góð.